

Skotsamband Evrópu, ESC, var að birta nýjan lista yfir bestu skotmenn Evrópu. Ásgeir Sigurgeirsson er kominn uppí 48.sæti í Loftskammbýssunni. Það er besti árangurs íslensks skotmanns frá upphafi. Hann fer til keppni á Heimsbikarmótið í Munchen 16.maí n.k. og verður spennandi að sjá hvernig honum gengur þar í keppni við þá bestu. Ásgeir er aðeins 23ja ára gamall og á framtíðina fyrir sér.